

Frístundamiðstöðin Miðberg

Starfsáætlun 2023-2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	8
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	15
Áskoranir, markmið og aðgerðir	16
Jafnréttisáætlun	23
<i>Framkvæmdaáætlun</i>	24

Inngangur

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs 2023-2024 er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 og samþykkt borgarstjórnar um þróunarverkefnið Betri borg fyrir börn. Tekið er mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu. Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglunga í Reykjavík. Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starffrístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verður að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2023 og gildir til 31. ágúst 2024 og er hægt að nálgast hana á heimasíðu Miðbergs. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.


Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglunga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins. Hjá Miðbergi starfa um 130 starfsmenn og af þeim eru 40 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sex frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar auk stjórnendateymis frístundamiðstöðvarinnar. Stjórnendateymi Miðbergs eru eftirfarandi; Helgi Eiríksson, Krístrún Lilja Daðadóttir, Herdís Snorradóttir og Óttar Möller. Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, bakgrunn og reynslu. Verkefni starfsfólksins eru margvísleg og krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum frá 6 – 16 ára standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og

þroska. Starfið styður við félagsþroska og vináttuþjálfun í gegnum frjálsan leik, skapandi smiðjur og klúbba. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva Miðbergs með skapandi viðburðum eins og Breiðholt got talent, kvikmynda- og leiklistarhátíð, hrekkjavöku og þátttöku í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Einnig er lögð mikil áhersla á þverfaglegt starf með grunnskólum, Suðurmiðstöð, Íþróttafélögum og félagssamtökum í hverfinu með verkefnum eins og nemendaráðum/unglingaráðum, lausnateymum, innleiðingu farsældarlaga og með verkefninu Íþróttir í Breiðholti.

Helstu samstarfsaðilar Miðbergs eru Suðurmiðstöð, grunnskólar, leikskólar, íþróttafélög og félagssamtök í hverfinu. Eitt af markmiðum starfsáætlunar 2023-2024 er að auka framboð af fjölbreyttu hópastarfi í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar. Einnig verður augin áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hins vegar með þátttöku í verkefninu heilsueflandi Breiðholt. Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglíngum.

Skipurit



Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs

Hlutverk Miðbergs

- Að stuðla að fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi meðal barna og unglunga í hverfinu.
- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímapjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Gildi Miðbergs

- Góður starfsandi. Gleði, væntumþykja og jákvæðni.
- Virðing. Fögnum fjölbreytileika og berum virðingu fyrir náunganum.
- Samvinna. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.
- Mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði.
- Faglegt starf. Unnið með metnaði að faglegu starfi, forvörnum og frjálsum leik.
- Öryggi. Skapa öruggt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og skjólstæðinga.
- Frumkvæði. Lögð áhersla á sköpun, virkni mannauðs og frumkvæði í starfi.

Leiðarljós í frístundastarfi

- Virk þátttaka
- Reynslunám
- Lýðræði
- Mannréttindi
- Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

- Forvarnargildi
- Menntunargildi
- Afþreyingargildi

Lykilmæni í frístundastarfi

- Sjálfsmynd
- Umhyggja
- Félagssæmi
- Virkni og þátttaka

Megináherslur

Menntastefna:

- ✓ Félagssfærni
- ✓ Sjálfsþekking
- ✓ Læsi
- ✓ Sköpun
- ✓ Heilbrigði

Frístundastefna:

- ✓ Fjölbreytt og skemmtilegt
- ✓ Virk þátttaka
- ✓ Jöfnuður
- ✓ Forvarnir og lýðheilsa
- ✓ Fagmennska

Starfsskrár frístundamiðstöðva:

- ✓ Sjálfmynd
- ✓ Umhyggja
- ✓ Félagssfærni
- ✓ Virkni og þátttaka

Verkefnið Betri borg fyrir börn:

- ✓ Bæta þjónusta og nýtingu fjármagns
- ✓ Þéttara samstarf
- ✓ Þjónustuna nær skólaumhverfi
- ✓ Snemmtæk íhlutun
- ✓ Styðja betur við starfsfólk
- ✓ Stjórnun stofnana nær vettvangi

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Starfsárið 2022-2023 var lögð mikil áhersla á að koma öllu starfi í eðlilegar horfur eftir Covid tíma. Við lögðum mikla áherslu á styrkja og styðja við starfsfólk og fylgjast vel með líðan barna og unglunga. Starfsfólk var margt hvert þreytt og útkeyrt eftir að hafa staðið sig mjög vel á Covid tímum þar sem starfsemi var haldið opinni meira og minna allan tímann við krefjandi aðstæður. Börn og unglingar þurftu að venjast hefðbundnum lífsstíl og jafnvel læra á rútnuna upp á nýtt. Við höfum líka þurft að hvetja foreldra til þess aðstoða börnin sín við það að koma á heilbrigðri rútnu en mörgum foreldrum hefur fundist það erfitt eftir að börnin þurftu að lifa við miklar takmarkanir á Covid tímum. Áhersla á nægan svefn, heilbrigða notkun samfélagsmiðla og að fylgja eftir útivistartíma er fyrst og fremst hlutverk heimilanna en okkar er að styðja og hvetja foreldra.

Á síðasta starfsári var unnið að því að innleiða starfshætti og verkferla vegna BBB verkefnis og farsældarlaga. Samstarf milli stofnana sem koma að málum barna og fjölskyldna verður sífellt meira og betra og núna í haust verður farið í að innleiða lausnarþeymi í kringum hvern skóla eftir mikinn undirbúning. Miðberg hélt áfram að vinna að áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar og mörg skemmtileg verkefni urðu til í gegnum A-hluta styrki. Allir starfsstaðir Miðbergs eru að vinna að innleiðingu grænna skrefa og gengur sú innleiðing vel.

Mikil þátttaka og ánægja er með starfið sem endurspegladist í mikilli þátttöku og ánægju með starfseminu. Ánægja starfsmanna hefur sjaldan verið meiri og frístundarmiðstöðin Miðberg var í öðru sæti í stofnun ársins.

Frístundaheimilin

Veturinn 2022-2023 var bæði krefjandi og gefandi í starfi frístundaheimila. Krefjandi vegna viðloðandi manneklu sem að hefur áhrif á starfið ítrekað. Illa gekk að ráða inn starfsfólk og fullmanna frístundaheimilin og var því álag á starfsfólki flesta daga. Auk almennrar starfsmannaveltu voru breytingar á stjórnendahópnum

af ýmsum ástæðum sem einnig hafði áhrif á starfsemina. Starfið var samt gefandi þar sem ekki þurfti að hafa áhyggjur af takmörkunum vegna Covid og einnig komu fram ný og skemmtileg verkefni sem höfðu almennt jákvæð áhrif á innra starfið.

Frístundaheimili Miðbergs voru eins og áður í miklu og góðu samstarfi sín á milli og við aðrar stofnanir í hverfinu yfir veturinn, bæði með verkefnum sem allir gátu unnið eftir sínu nefi sem og að sameiginlegum verkefnum og viðburðum eins og árin áður.

Unnin voru þemaverkefni yfir veturinn og var vetrinum skipt niður í fimm þemaverkefni sem að aðstoðarforstöðumenn völdu, kynntu og báru ábyrgð á. Þemu sem voru í boði voru: 1. Galdráheimar (Harry Potter), þar sem horft var á þær myndir sem eru leyfðar yngstu áhorfendum. Í framhaldi völdu börnin sér sína „heimavist“, bjuggu til sína eigin galdrasprotu og sett upp Quidditch mót svo eitthvað sé nefnt. 2. Skuggaleikhús, en skuggaleikhús er einfalt og fljótlegt í framkvæmd, krefst listrænnar tjáningar og gefur börnum tækifæri til að sameina sögu, tónlist og leik. 3. Græna byltingin. Hér var verið að huga að ræktun fræja, þá sérstaklega sem tekin voru úr ávöxtum og grænmeti og fylgst með framgangi, einnig voru keypt blómafræ til að fegra umhverfið. Hugað var að heilsuefingu og umhverfislæsi. 4. Græn skref þar sem hugað var að endurvinnslu og endurnýtingu hráefna svo sem til föndurs. 5. Vináttuþjálfun. Þema sem snéri að hópeflis- og samvinnuleikjum ásamt því að öll bjuggu sér til vináttustaur/horn sem skreytt var af börnunum og var vettvangur til að hittast við, spjalla og eignast nýja vini. Tvö A-hluta verkefni voru unnin á öllum frístundaheimilunum. Annars vegar verkefni þar sem keypt voru sex Ukulele hljóðfæri sem hvert frístundaheimili hafði hjá sér í 4 vikur í senn og var þá boðið upp á klúbba fyrir börnin að læra að spila á hljóðfærin og syngja með. Verkefnið var vel heppnað á flestum stöðum og mikill áhugi og gleði hjá börnunum. Hins vegar var verkefnið „Kýlum á það“ en þar voru keyptir boxpúðar, boxhanskar og trampolín til losunar á orku á jákvæðan máta. Við fengum til okkar „boxara“ sem sá um að kenna starfsfólki réttu leiðirnar til þess að stunda hnefaleika til þess að fá útrás í stað þess að t.d. beita ofbeldi í leik.

Við vorum með tvo starfsmenn, Tönju Ósk og Elvu Dögg sem að sáu um að virkja sköpunargleði barnanna. Tanja Ósk vann að verkefni til hljóðdempunar. Þar föndruðu börnin blóm og fleira sem þau settu saman í eina heild en hvert frístundaheimili var með tvö stykki. Var afraksturinn sýndur í bókasafninu í Gerðubergi

á Barnamenningarhátíð. Elva Dögg undirbjó skipulagt fönður fyrir öll frístundaheimilin og kenndi starfsfólki hvers starfsstaðar það sem þurfti. Hún undirbjó og kom inn með ný verkefni fyrir frístundaheimilin á um það bil sex vikna fresti. Hér voru á ferðinni skemmtileg verkefni sem bæði ýttu undir sköpunargleði og þátttöku hjá börnum og starfsfólki.

Það var ánægjulegt að taka aftur upp gamla viðburði. Sameiginleg verkefni voru á sínum stað. Börnin í 1. og 2. bekk sýndu Benedikt búálf í desember á meðan börnin í 3. og 4. bekk bjuggu til sína eigin leikþætti og voru með sýningu á vorönn. Breiðholt Got Talent var á sýnum stað og stuttmyndir kvikmyndahátíðarinnar voru flottari en nokkru sinni áður. Þar náði Davíð Hólm kvikmyndaleiðbeinandi því besta út úr krökkunum ásamt því að bæta við sinni eigin sérþekkingu og snilli. Foreldratengdir viðburðir voru bæði fjölmennir og vel heppnaðir og má þar nefna jólaföndur-kaffi, Bóndadagskaffi og Góukaffi.

Sumarið gekk almennt vel og bauð upp á bæði grátt og kalt veður en einnig sól og alvöru sumar og þá gleði sem fylgir sólinni. Að venju var boðið upp á þematengda dagskrá sem heppnaðist með ágætum. Í fyrsta sinn voru svo til einungis börn úr viðkomandi skólum vegna breytinga á reglum um þjónustu frístundaheimila. Börn sem komu úr öðrum hverfum lentu á biðlista og komust almennt ekki inn þar sem að í flestum tilfellum voru biðlistar og námskeið minni en hefðu getað verið.

Tilraunaverkefnið „Fyrir í frístund“ var verkefni fyrir leikskólabörn sem voru að byrja í 1. bekk og þrátt fyrir að starfshópur hefði verið að vinna drög að verkefninu kom það brátt að að fara ætti af stað með verkefnið í nokkrum skólum/frístundaheimilum. Breiðholtsskóli og frístundaheimilið Bakkasel tóku þátt. Ákvörðunin um að fara af stað með verkefnið kom of seint en á endanum unnu stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundarheimilis saman að lausnum til að láta verkefnið ganga upp. Við í frístundastarfinu höfðum ekki mannafla í verkefnið en með frábæru fólki sem samþykkti að færa sig til í starfi tókst okkur að láta þetta ganga upp. Verkefnið var á engan hátt lýsandi fyrir það sem koma skal ef þetta verður að veruleika þar sem einungis 13 börn tóku þátt af 42 börnum sem eru skráð í 1. bekk. Verkefnið hins vegar tókst með ágætum og er það að þakka frábærum hópi sem stóð sig vel saman.

Félagsmiðstöðvar

Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvanna er mjög góð. Rík áhersla er lögð á unglíngalýðræði í öllu starfi félagsmiðstöðvanna og er dagskrárgerð í höndum unglínganna. Reglulega eru haldnir opnir stórfundir þar sem öllum unglíngum gefst kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Þá gefst þeim kostur á að senda inn hugmyndir sínar að dagskrárliðum í gegnum samfélagsmiðla. Unglíngarnir eru hvattir til þess að fylgja sínum hugmyndum úr hlaði og þannig öðlast þau reynslu í viðburðarstjórnun í gegnum óformlegt nám félagsmiðstöðvastarfsins. Starfsfólk situr einnig fundi nemendaráða skólanna og á í góðu og nánu samstarfi við félagsstarfskennara skólanna. Í þeim félagsmiðstöðvum sem þjónusta fleiri en einn grunnskóla sinnir félagsmiðstöðin því hlutverki að samræma dagskrá milli skóla og hvetja til aukins samstarfs.

Félagsmiðstöðvarnar tóku þátt í þeim viðburðum sem haldnir voru á vegum Samfés, samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa síðasta starfsári. Góð þátttaka var á Samfestingnum, rafíþróttamótum og þeir unglíngar sem fóru á landsmót Samfés skemmtu sér vel.

Mætingin í félagsmiðstöðvarnar var mjög góð. Náttfatanótt, 8. bekkjarferð, Breiðholt got Talent, Skíðaferð og fleiri fastir viðburðir tókust vel. Hinsegin opnun var einu sinni í viku fór rólega af stað. Breytingar verða gerðar á hinsegin opnunum, þær verða færðar úr Kleifarseli (Hellinum) yfir í Hólmasel.

Á fimmtudagskvöldum höfum við verið með samstarf við FB með 16+ opnun. Þær opnanir hafa gengið vonum frammar. Nemendafélag FB stjórnar dagskrá og er það von okkar að þetta samstarf aukist enn frekar og styrkist á komandi árum.

Við upphaf vetrarstarfsins gekk tíu 12 ára starfið vel. Mætingin í starfið er góð þó vissulega væri vænlegt að vera með meira fjármagn og sér forstöðumann yfir miðstiginu til að sinna því betur.

Sumarstarf

Við vorum með þrjá sumarhópa í samvinnu við Vinnuskólann og gekk það mjög vel. Einn hópur var fyrir unglunga í 8. bekk og tveir hópar fyrir unglunga í 9. bekk. Unnið er markvisst að sjálfseflingu unglinganna og lagt upp með að allir unglingar sem eru með sérstakan stuðning í félagsmiðstöðvastarfi séu þátttakendur í hópastarfinu. Allir unglingar sem taka þátt í vinnuskólahópunum fara með í útileguna og er það partur af sjálfseflingu unglinganna og markvist gert til að þau kynnist betur milli hverfa Breiðholtsins. Í lok júní var farið með hópana í útilegu sem gekk mjög vel þrátt fyrir leiðindaveður.

Sumarstarf Tíu12 ára gekk mjög vel og fullbókað flesta daga. Börnin höfðu tök á að mæta í allar félagsmiðstöðvarinnar og starfið stóð yfir í 6 vikur.

Kennsla

Forstöðumenn, aðstoðarforstöðumenn og frístundaráðgjafar sáu um kennslu í lífsleikni og sjálfseflingu í unglingadeildum í Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Breiðholtsskóla. Svo eru þau með kynfræðslu fyrir 7.-10. bekk í Seljaskóla og Ölduselsskóla. Hópastarfið hjá okkur gekk vel, sérstaklega þegar það var í formi kennslu á skólatíma. Starfsmenn okkar kenna t.d. rafíþróttir, nördaval og borðtennis og pool val. Dungeon and dragons er enn vinsæll klúbbur í félagsmiðstöðvunum og við höfum ráðið starfsmann sérstaklega til að halda utan um þann klúbb. Í vor var haldið úti útivistarklúbb þvert á félagsmiðstöðvarnar. Þátttakan var góð og náðu starfsmenn góðri tengingu við unglingana í hópnum. Áframhald verður á útivistarklúbbnum næsta vor. Mjög góð samvinna hefur verið við alla skólastjórnendur, félagsstarfskennara og námsráðgjafa í Breiðholti. Við sjáum um valáfanga fyrir Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Ölduselsskóla.

Ungmennaráð

Ungmennaráð Breiðholts samanstendur af 11 virkum meðlimum. Á vorönn voru þeir 7 en nú í haust hafa síðan bæst við nokkrir nýjir meðlimir. Ráðið fundar vikulega og hafa fundirnir verið haldnir í Bakkanum og í Hundradogellefu. Það hefur gengið vel að hafa fundina vikulega og mæting hefur verið góð. Fundirnir hjá ráðinu hafa verið nýttir í að ræða hin ýmsu málefni sem ráðið hefur áhuga á, og eru einnig nýttir í að undirbúa stærri verkefni sem ráðið tekur þátt í. Í ár hafa verkefnin verið meðal annars: Árlegur fundur með borgarstjórn Reykjavíkur, vinnusmiðjur um það hvernig er að vera ungmenni í Reykjavík og svo er á dagskrá

ungmennahping sem ráðið er að skipuleggja fyrir önnur ungmenni í hverfinu. Ráðið sér líka um að úthluta STUÐ-styrk sem er fyrir spennandi verkefni hjá ungu fólki í hverfinu. Í ár fjallaði tillaga ráðsins til borgarstjórnar um að nemendaráð í skólum fái styrki til þess að fegra umhverfið í skólum og gera það litríkara. Tillagan var samþykkt á fundi borgarstjórnar og hefur verið tekin upp á fundum hjá skóla- og frístundaráði um hvernig hún verður framkvæmd. Í sumar fengu fimm meðlimir í Ungmennaráði Breiðholts að taka þátt í ungmennaskiptiverkefni í samstarfi við Ungmennaráð Árbæjar og Holta þar sem farið var til Ítalíu á vegum Erasmus+ í eina viku og síðan tekið á móti ítölskum ungmennum á Íslandi. Það var frábært tækifæri fyrir meðlimi ungmennaráðsins til þess að kynnst nýrri menningu, vinna verkefni um frið og jafnrétti og skapa minningar.

Hellirinn

Í Hellinum, sértækri félagmiðstöð, gekk starfsárið á heildina lítið mjög vel. Þátttakendum fjölgaði örlítið milli ára og aldursskiptingin nokkuð jöfn milli miðstigs og unglíngastigs. Ágætlega gekk að ráða inn starfsmenn en þátttakendur fengu þó ekki fulla vistun fyrr en í kringum áramót. Hellirinn hélt áfram kröftugri útidagskrá og var í góðu samstarfi við sundlaugar og bókasöfn í borginni og fékk afnot að íþróttahúsinu í Austurbergi tvisvar í viku.

Félagsmiðstöðvarnar fjórar voru áfram í góðu samstarfi sín á milli og er áfram unnið markvisst að því að þátttakendum í Hellinum standi til boða að sækja sínar hverfisfélagsmiðstöðvar og þekki dagskráanna þar. Einnig nýttu unglíngar Hellisins einnig raflíþróttaverið í 111 einu sinni í viku. Sumarnámskeið Hellisins gengu mjög vel og var þátttaka svipuð og árið á undan auk þess sem samstarfið við Vinnuskólann var mjög gott og gátu allir unglíngar Hellisins sem það kusu verið með starfsstöð sína í Hellinum.

Frístundatengill

Starf frístundatengils snýst fyrst og fremst um að auka á þátttöku barna og unglíngna í Breiðholti í íþróttum (og notkun frístundakortsins) en einnig að auka á notkun íslenskunnar í gegnum félagslega þátttöku. Frístundamiðstöðin Miðberg og velferðarhluti Suðurmiðstöðvar hefur fjármagnað verkefnið í sameiningu. Verkefni sem frístundatengill hefur unnið fyrir Miðberg eða í samstarfi:



Gengið í alla bekkir grunnskólanna hefur það að markmiði að eiga samtalið við börn og ungmenni um íþróttir og frístundaþátttöku en einnig að kanna hversu margir eru virkir og þannig tekið samtalið um hvað hægt er að gera til að auka á þátttöku. Ýmsar hugmyndir hafa komið í gegnum þetta samtalið. Verkefni sem komið hafa út úr slíku samtali og samstarfi við deildarstjóra barna- og unglingastarfs, sem við höfum reynt að verða við. Sumarnámskeið fyrir einstaka hópa barna og unglunga af erlendum uppruna, listanámskeið að sumri, samráð um þjálfun í íslensku á námskeiðum, íþróttahópar fyrir smærri hópa eða ráðgjöf um íþróttir og frístundaiðkun einstaklinga, viðburðir til kynninga, viðburðir eða hátíðir og samráð og hugmyndavinna um slíkt. Frístundatengill vinnur einnig náið með verkefnistjóra forvarnar- og lýðheilsamála og mörg verkefni eru unnin í samstarfi og samráði við Miðberg. Þau verkefni snúa beint að börnum og unglingum en einnig að starfsmönnum. Dæmi um beina fræðslu er menningarnæmi fyrir starfsmenn. Frístundatengillinn hefur umsjón með verkefninu Sendiherrar í Breiðholti og hefur það verkefni haft það í för með sér að Miðberg líkt og aðrir í Breiðholti hafa getað fengið beina ráðgjöf frá þeim sem í verkefninu starfa, þ.e. frá frístundatenglinum en einnig frá einstaklingunum sem eru „sendiherrar“. Þess skal geta að í Suðurmiðstöð er starfandi samfélagsteymi þar sem frístundatengill, deildarstjórnar Miðbergs auk annara vinna þetta saman að eflingu félagsaðs í Breiðholti.

SENER

SENER er miðlægt viðbragð við áhættuhegðun barna og unglunga í Breiðholti. Úrræðið er samvinnuverkefni lykilstofnana í hverfinu sem bregst hratt við áhættuhegðun og hegðunarvanda. Frístundamiðstöðin Miðberg fjármagnar 50% stöðugildi í verkefnið

Veturinn 2022-2023 var mikið um að vera hjá SENTER. Í gegnum veturinn tók SENTER að sér alls 12 einstaklingsmál og þar af voru 6 í hópastarfi sem var nýjung hjá SENTER. Af þessum 12 málum voru 7 sem við náðum að loka og koma í góðan farveg en 5 mál fóru áfram í önnur úrræði eða héldu áfram að hluta til í SENTER. Samstarf SENTER með skólunum og félagsmiðstöðvunum gekk ótrúlega vel. Dæmi um samstarf var að í einu máli þurfti að taka einstakling úr skólanum í þrjá daga og þá fengum við að nýta húsnæði félagsmiðstöðvarinnar.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Gallup	Netkönnun	Starfsmenn	Miðberg var í 2 sæti í heildina yfir stofnun ársins. Framkvæmd könnunar var ekki nægilega góð sem varð til þess að við fengum ekki niðurstöður á of marga starfstaði Miðbergs.
Rannsókn og greining	Spurningalisti til unglina í 8-10 bekk	Unglingar 8-10 bekkur	Helstu áskoranir tengdust líðan barna Mikil ánægja með þátttöku í félagsmiðstöðva starfi.

Áskoranir, markmið og aðgerðir

1. Frístundastarf - Félagsmiðstöðvar

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Ungmennaskipti	Þátttaka í ungmennaskiptaverkefni í Erasmus+	Deildar stjórnari	Ág. 2023	Ág. 2024	Erasmus skýrsla	Áframhaldandi þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi og ungmennaráði eftir útskrift úr grunnskóla.
Fjölbreytt og skemmtilegt	D&D	Hópastarf, bæði fyrir unglinga- og miðstig.	Forstöðumenn	Ág. 2023	Maí 2024	Spjall við þátttakendur	Fjöldi þátttakenda
Sköpun	Vegglistaklúbbur	Hópastarf fyrir unglinga	Forstöðumenn	Nóv. 2023	Maí 2024	Listaverk	Virkja sköpunarkraft unglinga og vekja þau til umhugsunar um sitt nærumhverfi. Nýta frítímann á uppbyggilegan hátt.
Virk þátttaka	Félagsmiðstöðvaráð og opnir stórfundir	Öll hvött til þátttöku, virkja lýðræðisvitund.	100% starfsmenn	Ág. 2023	Maí 2024	Mæting og þátttaka á fundum	Dagskrá sem hentar fjölbreyttum hópi unglinga. Virkni unglinga í að framfylgja dagskrá og halda utan um viðburði.
Félagsfærni	Hópastarf með unglinga í vanda.	Kortleggja hópinn og velja þátttakendur	Forstöðumenn	Okt. 2023	Maí 2024	Vikulegir fundir með hópnum.	Minni áhættuhegðun. Betri samskipti við starfsfólk og jafnaldra. Betri hegðun innan veggja félagsmiðstöðvanna

Jöfnuður	Veita öllum jöfn tækifæri til þátttöku óháð efnahag og uppruna.	Niðurgreiða ferðir og viðburði. Myndrænar auglýsingar	Deildar stjóri	Ág 2023	Júl 2024	Vera vakandi fyrir stöðu barna og bjóða aðstoð þegar að við á.	Góð þátttaka barna óháð efnahagslegri stöðu og uppruna.
Sjálfsþing	Fræðsla og vitundavakning.	Regluleg fræðsla og þemavikur. Vitundarvakning á samfélagsmiðlum.	100% starfsfól k	Ág 2023	Júl 2024	Fræðsla og fræðsluefni sem er mest aðkallandi hverju sinni.	Aukin vitundavakning. Bætt orðræða og umburðarlyndi.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Vettvangsstarf. Regluleg hreyfing og útidagskrá	Vikulegur aðgangur að íþróttahúsi. Farið í vettvangsstarf á hverri kvöldvakt	100% starfsfól k	Ág 2023	Júl 2024	Íþróttahús á dagskrá og hvetja til hreyfingar í jákvæðu umhverfi. Sýnileiki og vera til staðar í hverfinu.	Metið eftir þátttöku og spjall við unglinga á vettvangsstarfi.

2. Frístundastarf - frístundaheimili

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Búðardagur	Haldinn verður búðardagur á frístundaheimilum þar sem börnin sjálf fá tækifæri í að selja kaupa ýmsar vörur til hvors annars. Börnin hanna og þróa sínar búðir og læra sísla með peninga.		Janúar 2024	Janúar 2024	Þátttaka barna í viðburðinum.	Að dagurinn sé haldinn
Fjölbreytt og skemmtilegt	Bangsaspítali	Frístundaheimilin opna bangsaspítala. Börnin mæta með bangsann sinn og aðstoða starfsfólk við að veita honum aðhlyningu.		Mars 2024	Mars 2024	Þátttaka barna í viðburðinum.	Þátttaka barna í viðburðinum.
Sköpun	Vináttutröll/Réttindatröll	Frístundaheimili útbúa tröll/manneskju úr pappa og vír þar sem krakkarnir skapa	Elva og starfsmaður	Janúar 2024	Maí 2024	Þátttaka barna og orðalag á tröllinu sem tengist vináttu og réttindum barna	Að börnin eru meðvituð um hvað er góður vinur og hvers konar orðalag er tengt vináttu. Börnin geta rýnt í tröllið þegar gleyma sér í orðbragði.

		manneskju sem tengist vináttu og réttindum. Börnin fá tækifæri til að mála og gera hann frá grunni undir leiðsögn starfsmanns.	Listasmiðju				
Virk þátttaka	Fjölmening á Íslandi	Hengt er upp heimskort á frístundaheimilunum. Ísland er tengt við löndin sem börn og starfsfólk eru frá. Þannig fá öll að tengja sín lönd. Einnig hvatning til að sýna/ræða menningu sína (t.d. tónlist, matur, list, menning og þess háttar) Í lok verkefnis er verði foreldrakaffi þar sem foreldrar skrá sig á lista og koma með mat/snarl úr sinni menningu og kynna fyrir börnunum og öðrum foreldrum.	Aðstoða rforstöðumenn	Október 2024	Maí 2024	Heimskort og þátttaka barna í verkefninu. Fjölmenni á foreldrakaffi	Að skilningur og þekking barna aukist um mismunandi löndum og menningu annarra.

Félagsfærni	Barnasáttmálinn Unnið með greinar úr barnasáttmála og gerð samvinnuverkefni með börnunum. Unnið að forvörnum og sérstök áhersla á dag gegn einelti og mannréttindadag barna sem eru í nóvember.	Samvinnuverkefni sett upp með börnum þar sem áhersla er lögð á hópleiki, föndur og samskipti.	Forstöðumenn	1.nóv 2023	30.nóv 2023	Þátttaka og þekking barna í leikjum og verkefnum	Ný vinasambönd myndast, börn fá meiri skilning á réttindi sín, samskipti þeirra á milli verði heilbrigðari og þekking þeirra á jákvæðum/heilbrigðum samskiptum bætt.
Jöfnuður	Við erum öll jöfn Skrúðganga þar sem við fögnum jafnrétti og fjölbreytileika.	Vinna verður að fánum fyrir skróðgöngu t.d. pride-, trans- og þjóðfánum. Umræðuhópar á starfsdögum um fjölbreytileika og jafnrétti. Skróðgangan haldin á Kvaradegi.	Aðstoðarforstöðumenn	18.mars	26.mars	Fjölbreyttir fánar fyrir skróðgöngu, þátttaka og áhrifaríkar umræður	Aukin þekking á jafnréttindi og fjölbreytileika og þekking á fánum.
Sjálfsþing	Danskeppni	Frístundaheimilin setja saman tvö dans atriði með þeim börnum sem vilja taka þátt. Börnin þurfa að búa til atriði sem þau sína fyrir framan foreldra og annara þátttakanda. Verkefnið strykir börnin	Forstöðumenn	15. apríl	15. maí	Þátttaka barna og virkni þeirra. Að frístundaheimilin búi til tvö atriði	Að viðburðurinn sé haldinn.

		í framkomu og eflir geta þeirra og þor til að koma fram og jafnvel uppgötva nýja hæfileika.					
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Heimsóknir frá fólki sem tengist forvörnum svo sem lögreglunni, slökkviliðinu íþróttamanneskjum ofl.	Kynningar frá fólki sem vinnur við ýmiskonar forvarnarstarf. Lögreglan talar um forvarnir, slökkvilið talar um eldvarnir. Íþróttafólkið um heilbrigði og hollustu. Slökkviliðið gæti mætt með dúkku og tæki sem börnin gætu prufað	Viðburð artemi	Janúar 2024	Apríl 2024	Gæði heimsókna og áhuga barnanna. Unnið með umræður í hópum eftir heimsóknir	Að læra um mikilvægi hreyfingu og hollustu almennt. Læra einnig um tilgang hinna ýmsu starfa.

3. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fagmennska	<p>Klúbbastarfshjálparinn</p> <p>Lögð er áhersla á meiri skilning á hlutverk, uppsetningu og markmið sem tengjast skipulögðu klúbbastarfi í frístund.</p> <p>Bæta fagmennsku, dýpka innra starf og efla frumkvæði</p>	<p>Fræðsla fyrir starfsfólk um mikilvægi og skilgreiningu klúbbastarfs, starfsmanna handbók á íslensku og ensku um auðveldar aðferðir til að koma með nýjar hugmyndir um fjölbreytt klúbbastarf.</p> <p>Forstöðumenn til staðar til að leiðbeina starfsfólk áfram.</p>	Forstöðumenn barnastarfs	10.okt 2023	5.júní 2024	Starfsfólk á hverjum starfsstað kemur sér saman og kemur með nýjar hugmyndir fyrir klúbbastarf út frá sínum eigin áhugamálum sem þau svo framkvæma.	Nýtt og fjölbreytt klúbbastarf á hverjum starfsstað. Aukin þekking og reynsla á uppsetningu og framkvæmd hópa- og klúbbastarfs og einnig nýting á sértæku klúbbastarfi.
	<p>Dagur gegn eineltis</p> <p>Fræðsla fyrir starfsfólk. Bæta þekkingu og fagmennsku.</p>	<p>Fræðsla fyrir starfsfólk um birtingamyndir eineltis og hvernig hægt er að bregðast við þeim.</p> <p>Einnig lagt áherslu á heilbrigð samskipti.</p>	Forstöðumenn barnastarfs	7.nóv 2023	7.nóv 2023	Þátttaka starfsmanna á fræðslu.	Meiri skilningur á það sem kemur að eineltismálum. Hvernig á að bregðast við og hvert á að leita

	Að stjórna jafningjum		Forstöðumenn	Nóv 2023	Nóv 2023	Viðtöl við stjórnendur	Stjórnendur upplifisig hæfari sem stjórnendur.
--	------------------------------	--	--------------	----------	----------	------------------------	--

Jafnréttisáætlun

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar.

Forstöðumenn á starfstöðunum bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Framkvæmdarstjóri ber aðalabyrgð ásamt deildarstjórum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmennum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun

LAUNAJAFNRÉTTI

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun karla og kvenna skulu ákveðin á sama hátt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.	Öllum starfsmönnum standi í boði að fá þá yfirvinnu sem í boði er.	Framkvæmdastjóri	Allt árið Gerð skal úttekt á haustin og vorin.

AUGLÝSINGAR, RÁÐNINGAR OG ENDURMENNTUN

Laus störf skulu standa jafnt konum og körlum til boða og jöfn kynjahlutföll skulu höfð til hliðsjónar við ráðningar eftir því sem framast er unnt. Þess skal gætt að mismuna ekki á grundvelli kynferðis við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi eða við önnur tækifæri sem bjóða upp á starfsþróun, óháð því hvort hún sé lárétt eða lóðrétt. Bæði kynin skulu hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og starfsþjálfun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða	Tryggja þarf við ráðningar að jöfn kynjahlutföll starfsmanna séu höfð til hliðsjónar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Alltaf við ráðningar
Allir starfsmenn sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþróun og endurmenntun.	Allir starfsmenn hafi sömu möguleika til starfsþróunar og endurmenntunar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Við gerð símenntunar áætlunar, við fastráðningar og tímabundnar ráðningar.

JAFNVÆGI MILLI VINNU OG EINKALÍFS

Miðberg leggur áherslu á samræmi vinnu og einkalífs. Miðberg leggur áherslu á að veita starfsmönnum sveigjanleika í starfi þegar því verður við komið. Starfsmenn eru hvattir til að nýta sér fæðingarorlof og gert kleift að sinna veikum börnum sínum á jafnréttisgrundvelli.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að Miðberg veiti starfsfólki sveigjanleika til þess að sinna einka- og fjölskyldu lífi samhliða starfi.	Starfsmenn geti unnið sveigjanlega vinnutíma þegar því er við komið.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar.	Allt árið
Að foreldrar af báðum kynjum taki fæðingarorlof og sinni börnum í veikindum.	Starfsfólki kynnt réttindi sín og hvatt til þess að nýta þau.	Framkvæmdastjóri, deildarstjóri og forstöðumenn	Allt árið

EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI

Einelti og kynferðisleg áreitni er hegðun sem ekki er liðinn Miðbergi. Þjónustuþegar og starfsfólk eiga að tilkynna um slíka hegðun og tafarlaust skal gripið til aðgerða ef tilkynningar berast.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að þjónustuþegar og starfsfólk verði fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni í starfi	Starfólk skal vera stöðugt vakandi fyrir einelti og kynferðislegri áreitni í starfi Miðbergs og grípa strax inn í ef grunur leikur á um óásættanlega hegðun.	Allir stjórnendur og starfsmenn	Allt árið

ÞJÓNUSTUHLUTVERK

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Miðbergs óháð kyni. Allt starfsfólk Miðbergs ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi kynjanna að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði jafnt til beggja kynja.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Efla jafnréttisþekkingu starfsfólks	Fræðsla um jafnréttismál verði inn í fræðsluáætlun Miðbergs.	Framkvæmdstjóri og deildarstjórar	Haust

Nemendur/ þjónustupegar fá fræðslu um jafnréttismál	Starfstaðir bjóði upp á fræðslu um jafnréttismál. Starfsmenn taki umræðu um jafnréttismál með börnum og unglingum.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Haust/Allt árið
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu	Starfsmenn gefa börnum rými til þess að tala um það sem þau hafa áhyggjur og áhuga á og veita þeim fræðslu og upplýsingar eftir því sem við á.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Að viðfangsefni höfði jafnt til beggja kynja	Greining á innihaldi og markmiði opin starfs og klúbbstarfs með það fyrir augum að koma í veg fyrir að það halli á annað kynið.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Haustin
Að mæður og feður taki jafnan þátt í starfinu. Starfsfólk útiloki ekki annað foreldri á grundvelli kyns	Foreldrum barna í starfi er velkomið að taka þátt í starfi barna sinna, óháð kyni. Rafrænar upplýsingar eru sendar á báða foreldra.	Forstöðumenn	Allt árið.